| 49. Hagar (skrifstofa)             | 4,184               | 3,97                      | 4,63       | 3,47      | 4,27          | 4,28                | 4,53                | 3,81             | 4,50            | 80-100           | 3,865               |
| 50. Byggingafélag námsmanna        | 4,176               | 4,42                      | 4,40       | 3,53      | 4,17          | 4,44                | 4,60                | 3,42             | 4,35            | 80-100           |                     |
| 51. Gogoyoko                       | 4,173               | 4,08                      | 4,67       | 3,00      | 4,03          | 4,72                | 4,55                | 3,97             | 4,40            | 50-59            |                     |
| 52. Blindrafélagið                 | 4,167               | 3,73                      | 3,68       | 3,78      | 4,42          | 4,56                | 4,60                | 4,83             | 4,00            | 35-49            |                     |
| 53. Optima                         | 4,160               | 4,24                      | 4,13       | 3,60      | 4,27          | 4,24                | 4,15                | 4,40             | 4,20            | 80-100           |                     |
| 54. Cu2                            | 4,152               | 3,90                      | 4,17       | 3,11      | 4,50          | 4,55                | 4,69                | 4,42             | 4,00            | 80-100           | 3,938               |
| 55. Frjó                           | 4,147               | 4,09                      | 4,40       | 3,83      | 4,00          | 4,13                | 4,50                | 3,83             | 4,38            | 60-69            | 4,632               |
| 56. Medor *                        | 4,106               | 4,29                      | 4,38       | 3,35      | 3,46          | 4,30                | 4,34                | 4,29             | 4,41            | 80-100           | 3,990               |
| 57. Radix                          | 4,064               | 3,77                      | 4,42       | 3,44      | 4,00          | 4,25                | 4,00                | 4,33             | 4,33            | 50-59            |                     |
| 58. Samskipti                      | 4,060               | 4,18                      | 4,29       | 2,95      | 3,64          | 4,49                | 4,39                | 4,16             | 4,39            | 35-49            | 3,980               |
| 59. Momentum                       | 4,056               | 3,80                      | 4,50       | 3,08      | 3,92          | 4,87                | 4,63                | 3,69             | 4,13            | 70-79            | 4,130               |
| 60. Karl K, Karlsson               | 4,028               | 4,01                      | 4,21       | 3,10      | 3,79          | 4,35                | 4,45                | 4,03             | 4,32            | 80-100           | 3,981               |
| 61. Alþýðusamband Íslands *        | 4,027               | 4,04                      | 4,02       | 3,67      | 4,39          | 4,18                | 4,43                | 3,12             | 4,32            | 70-79            | 4,268               |
| 62. Suzuki bílar                   | 4,021               | 3,98                      | 4,58       | 3,17      | 3,38          | 4,40                | 4,50                | 4,17             | 4,06            | 50-59            |                     |
| 63. Íþróttá-og Ólympíusamband Ísl, | 4,016               | 4,12                      | 4,57       | 2,69      | 3,58          | 4,60                | 4,08                | 4,20             | 4,25            | 35-49            | 4,053               |
| 64. Danfoss                        | 4,012               | 3,98                      | 4,00       | 3,00      | 3,93          | 4,40                | 4,35                | 4,40             | 4,10            | 50-59            | 4,041               |
| 65. Fjárstoð *                     | 3,978               | 3,76                      | 3,98       | 2,92      | 4,39          | 4,43                | 4,30                | 4,18             | 3,97            | 70-79            | 3,954               |
| 66. Búseti hsf,                    | 3,949               | 3,78                      | 3,80       | 2,93      | 4,80          | 4,20                | 4,40                | 4,07             | 3,65            | 80-100           | 3,846               |
| 67. Samfylkingin                   | 3,944               | 4,17                      | 4,07       | 3,38      | 3,93          | 4,24                | 4,40                | 3,20             | 4,10            | 80-100           | 4,117               |
| 68. Bandalag íslenskra skáta       | 3,909               | 4,43                      | 4,75       | 1,92      | 3,08          | 4,62                | 4,00                | 4,17             | 4,17            | 35-49            |                     |
| 69. Netheimur                      | 3,898               | 4,05                      | 4,25       | 2,71      | 4,13          | 4,25                | 3,38                | 4,33             | 3,94            | 50-59            |                     |
| 70. Útgáfufélagið Heimur           | 3,871               | 3,53                      | 3,92       | 3,25      | 3,79          | 4,40                | 4,25                | 4,08             | 3,94            | 50-59            | 4,070               |
| 71. Heilsa                         | 3,866               | 3,72                      | 4,11       | 2,88      | 4,04          | 4,60                | 3,61                | 4,19             | 3,83            | 60-69            | 4,145               |
| 72. Heimsferðir                    | 3,856               | 3,74                      | 4,06       | 2,62      | 3,86          | 4,21                | 4,23                | 4,06             | 4,11            | 80-100           | 4,151               |
| 73. Hljóðfærahusið                 | 3,846               | 3,43                      | 4,00       | 3,00      | 3,67          | 4,48                | 4,38                | 4,11             | 3,94            | 35-49            |                     |
| 74. Plast, miðar og tæki           | 3,838               | 3,28                      | 4,17       | 3,08      | 4,21          | 4,40                | 4,19                | 3,67             | 3,88            | 50-59            |                     |
| 75. Kauphöll Íslands               | 3,826               | 3,98                      | 4,00       | 2,67      | 3,83          | 4,56                | 4,38                | 2,82             | 4,38            | 60-69            | 4,426               |
| 76. Bros                           | 3,807               | 3,58                      | 4,11       | 2,27      | 4,37          | 3,90                | 4,50                | 4,20             | 3,55            | 70-79            | 3,864               |
| 77. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins  | 3,801               | 3,14                      | 4,42       | 2,44      | 4,25          | 4,60                | 4,13                | 4,00             | 3,63            | 35-49            | 3,901               |
| 78. Rolf Johansen & Co             | 3,794               | 3,62                      | 3,67       | 3,38      | 3,26          | 4,71                | 3,82                | 4,19             | 3,92            | 50-59            | 3,891               |
| 79. Stormur                        | 3,744               | 3,61                      | 3,93       | 3,57      | 4,00          | 3,72                | 3,85                | 3,53             | 3,70            | 70-79            |                     |
| 80. Krónos                         | 3,718               | 3,11                      | 4,14       | 2,82      | 4,17          | 4,65                | 3,71                | 3,57             | 3,75            | 80-100           |                     |
| 81. Stafir lífeyrissjóður          | 3,704               | 3,85                      | 4,08       | 3,58      | 3,42          | 4,65                | 4,13                | 2,42             | 3,56            | -                | 4,081               |
| 82. Kælitækni                      | 3,683               | 3,33                      | 3,17       | 3,58      | 3,42          | 4,50                | 4,19                | 3,83             | 3,79            | -                |                     |
| 83. Bóksala stúdenta               | 3,682               | 3,53                      | 3,78       | 2,89      | 3,11          | 3,80                | 4,25                | 4,39             | 3,83            | -                | 3,642               |
| 84. Nordic emarketing              | 3,641               | 3,42                      | 4,58       | 1,69      | 3,93          | 4,32                | 3,81                | 3,47             | 3,88            | -                | 3,484               |
| 85. Álfaborg                       | 3,610               | 3,14                      | 3,60       | 3,05      | 3,27          | 4,13                | 4,10                | 4,07             | 3,80            | -                | 3,742               |
| 86. Nikita                         | 3,576               | 2,83                      | 3,76       | 2,90      | 3,45          | 4,29                | 4,04                | 4,00             | 3,68            | -                | 3,659               |
| 87. Heildverslunin Rún             | 3,394               | 3,13                      | 3,33       | 2,69      | 3,79          | 3,85                | 4,00                | 3,25             | 3,25            | -                |                     |
| 88. Servida                        | 3,379               | 3,36                      | 3,67       | 2,81      | 3,65          | 3,53                | 3,36                | 3,41             | 3,19            | -                |                     |
| 89. Sjóvarpsmiðstöðin              | 3,112               | 2,62                      | 3,53       | 2,23      | 2,77          | 3,44                | 3,80                | 4,05             | 2,70            | -                |                     |
| 90. Brammer                        | 2,993               | 2,45                      | 2,73       | 3,78      | 3,29          | 3,46                | 3,13                | 2,67             | 2,69            | -                |                     |

# UM KÖNNUNINA

Alls fengu tæplega 24 þúsund sendan spurningalista í könnun VR á Fyrirtæki ársins 2012, rúmlega 20 þúsund fullgildir félagsmenn og þrjú þúsund aðrir starfsmenn í 79 fyrirtækjum en forsvarsmenn þessara fyrirtækja buðu öllum starfsmönnum þátttöku í könnuninni, burtséð frá því í hvaða stéttarfélagi viðkomandi starfsmaður var í. Þessi fyrirtæki eru merkt með \* í listunum sem birtir eru í VR blaðinu.

Könnunin var gerð í febrúar og mars 2012 og sá Capacent um framkvæmd hennar og úrvinnslu niðurstaðna. Svarhlutfall var 47% sem er aðeins minna en á síðasta ári en þá var það 48%. Um 90% þátttakenda fengu senda rafræna könnun og mikill meirihluti svaraði rafrænt. Samhliða könnun á Fyrirtæki ársins var gerð launakönnun meðal fullgildra félagsmanna VR og verða niðurstöður hennar birtar í haust.

Í könnuninni er spurt um samskiptin á vinnustaðnum, bæði milli samstarfsfélaga sem og milli yfir- og undirmanna. Þá er spurt um viðhorf til stjórnenda fyrirtækisins og til fyrirtækisins almennt, ánægju með tiltekna þætti í vinnuumhverfinu og starfið sjálft og margt fleira. Ítarlegi upplýsingar um hugmyndafræði könnunarinnar og framkvæmd hennar eru á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is)

14

## HVERJIR GÁTU TEKIÐ ÞÁTT?

Allir félagsmenn VR gátu tekið þátt í könnun á Fyrirtæki ársins að því tilskyldu að þeir hefðu greitt lágmarksfélagsgjald á tólf mánaða tímabili, frá október 2010 til september 2011 og voru tilgreindir á síðustu skilagrein fyrirtækisins sem þeir störfuðu hjá á þeim tíma þegar könnunin hófst. Haft var samband við félagsmenn og þeim boðin þátttaka. Aðrir en fullgildir félagsmenn VR fengu senda könnun samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækjunum sem þeir störfuðu hjá.

## ÞRÍSKIPTING NIÐURSTAÐNA

Í ár eru niðurstöðurnar kynntar með öðrum hætti en verið hefur. Fram til þessa hefur fyrirtækjum verið skipt í tvo flokka, minni og stærri fyrirtæki og hefur síðari flokkurinn náð til fyrirtækja þar sem starfsmenn eru fimmtíu eða fleiri.

Nú eru flokkarnir þrír, stór fyrirtæki þar sem starfsmenn eru 50 eða fleiri, meðalstór fyrirtæki þar sem starfsmenn eru 20 til 49 talsins og lítil fyrirtæki þar sem starfsmenn eru að hámarki 19 talsins. Lágmarkssvarhlutfall var 35% hjá öllum fyrirtækjum miðað við útsenda lista, auk þess sem svarendur þurftu að vera a.m.k tíu hjá stórum fyrirtækjum, sex hjá meðalstórum fyrirtækjum og fjórir hjá þeim minnstu. Alls uppfylltu tæplega 300 fyrirtæki þessar kröfur og byggja niðurstöður í Fyrirtæki ársins 2012 á svörum starfsmanna þessara fyrirtækja. Svarhlutfall tíu neðstu fyrirtækja í öllum þremur

stærðarflokkum er ekki birt á listunum í blaðinu eða á vefnum, en þessi fyrirtæki uppfylla þó öll skilyrði um lágmarkssvör.

## ÁTTA LYKILÞÆTTIR MYNDA HEILDAREINKUNN FYRIRTÆKIS

Niðurstöðum könnunarinnar er skipt í átta lykilþætti; trúverðugleiki stjórnenda, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd fyrirtækis og ánægja og stolt. Hverjum þætti er gefn einkunn á bilinu einn til fimm og saman mynda þær heildareinkunn fyrirtækisins. Í þessu VR blaði eru birtir þrjár listar yfir stöðu fyrirtækja. Á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is), má að auki finna samanburðarlista síðustu ára og frekari umfjöllun um niðurstöðurnar.

VR tekur ekki stöðu á lista yfir Fyrirtæki ársins í ár fremur en fyrri ár, en birtir hér einkunnir félagsins. Heildareinkunn er 4,222 og einkunnir fyrir þættina eru sem hér segir: trúverðugleiki stjórnenda 4,17, starfsandi, 4,13 launakjör 3,82, vinnuskilyrði 4,57, sveigjanleiki vinnu 4,58, sjálfstæði í starfi 4,41, ímynd fyrirtækis 3,90 og ánægja og stolt 4,22.



# SIGURVEGARAR

## STÓR FYRIRTÆKI – FYRIRTÆKI ÁRSINS 2012

**Johan Rönning hf.** er ótvíræður sigurvegari í hópi fyrirtækja með fimmtíu eða fleiri starfsmenn. Fyrirtækið fékk 4,614 í heildareinkunn af 5 mögulegum og er það hæsta heildareinkunn sem fyrirtæki í þessum stærðarflokki hefur fengið. Heildareinkunn stærri fyrirtækja var 4,026 að meðaltali í ár og ljóst að árangur fyrirtækisins er mjög góður. Johan Rönning var í öðru sæti í fyrra, með einkunnina 4,454. Það er ánægjulegt að öllum starfsmönnum Johan Rönning stóð til boða að taka þátt í ár, sama í hvaða stéttarfélagi þeir eru, en fyrirtækið hefur boðið öllum starfsmönnum þátttöku án tillits til stéttarfélagsaðildar nær samfelld frá árinu 2003.

Hæstu einkunnir fyrirtækisins í ár eru fyrir þættina Ánægja og stolt, 4,77 á móti 4,55 í fyrra, og Ímynd fyrirtækis, 4,76 en á síðasta ári var þessu einkunn 4,65. Lægsta einkunnin er fyrir Launakjör, 3,99 en meðaltal stórra fyrirtækja er 3,13.

Það vekur athygli að í fyrirtækin í þremur efstu sætum í þessum stærðarflokki eru þau sömu og á síðasta ári, þó að þau raði sér ekki eins í sætin. Í öðru sæti er **Securitas** sem vermdi þriðja sætið í fyrra og í því þriðja er **Íslenska gámafélagið** sem var Fyrirtæki ársins 2011.

## MEÐALSTÓR FYRIRTÆKI – FYRIRTÆKI ÁRSINS 2012

**Bernhard ehf.** sigraði í hópi meðalstórra fyrirtækja þar sem starfsmenn eru að lágmarki 20 og að hámarki 49. Bernhard er með einkunnina 4,619 og bætir sig mikið frá því í fyrra en þá var fyrirtækið í sæti 91 í hópi lítilla fyrirtækja með einkunnina 4,241. Þetta er í fyrsta skipti sem valinn er sigurvegari í þessum stærðarflokki, síðustu ár hafa verið tveir stærðarflokkar í Fyrirtæki ársins og hefur sá minni miðast við færri en 50 starfsmenn.

Einkunnir fyrir alla þætti hækka hjá Bernhard á milli ára, nema fyrir þáttinn Vinnuskilyrði en sú einkunn stendur í stað. Einkunn fyrir launakjör hækkaði mikið, úr 3,7 í 4,33 en meðaltal fyrirtækjanna í þessum flokki er 3,35. Hæstu einkunnir fær fyrirtækið fyrir þættina Ánægja og stolt, 4,82 á móti 4,41 í fyrra, og Ímynd fyrirtækis eða 4,81 á móti 4,41.

Í öðru sæti í hópi meðalstórra fyrirtækja er **Íslensk getspá** sem bætir sig mikið á milli ára, og í þriðja sæti eru **Kjarnavörur** sem voru í sjöunda sæti árið 2011.

## LÍTIL FYRIRTÆKI – FYRIRTÆKI ÁRSINS 2012

Í hópi fyrirtækja þar sem starfsmenn eru 19 eða færri stendur **Sæmark** uppi sem sigurvegari með 4,970 í heildareinkunn en var í 10. sæti á síðasta ári með 4,805 í einkunn. Sæmark er með fullt hús stiga, eða 5,00, fyrir tvo þætti, annars vegar Starfsanda og hins vegar Ánægju og stolt af fyrirtæki. Trúverðugleiki stjórnenda fær 4,99 í einkunn en Sæmark hefur áður fengið háa einkunn fyrir trúverðugleika stjórnenda, 4,98 í fyrra og 4,90 árið 2009. Lægsta einkunn Sæmarks er fyrir launakjörin, 4,90 sem er þó mun hærrí einkunn en sem nemur meðaltali lítilla fyrirtækja sem er 3,48.

Í öðru sæti í þessum stærðarflokki er **Vinnuföt** sem var valið Fyrirtæki ársins 2011 og í því þriðja er fyrirtækið **Skattur og bókhald**.

## HÁSTÖKKVARI ÁRSINS 2012

**Eirvík** er það fyrirtæki sem bætir sig mest á milli ára, er núna í 11. sæti í hópi fyrirtækja með færri en 20 starfsmenn en var í sæti 182 á síðasta ári. Hafa ber í hug að á milli ára hefur flokki lítilla fyrirtækja verið skipt í tvennt og því er samanburður á sætum á milli ára ekki alveg sambærilegur.

Eirvík fær nú 4,665 í heildareinkunn en var með 3,795 í fyrra. Lítil fyrirtæki fá að meðaltali 4,192 í heildareinkunn í ár þannig að staða Eirvíkur er mjög sterk. Allar einkunnir fyrirtækisins hækka mikið á milli ára, mest hækka þó einkunn fyrir launakjör, fer úr 2,39 árið 2011 í 4,08 í ár. Meðaleinkunn lítilla fyrirtækja fyrir þennan þátt er 3,48. Einkunn fyrir starfsanda hækka líka mikið, fer úr 3,47 á síðasta ári í 4,75 í ár.

Árið 2012 er einungis valinn einn hástökkvari þar sem gerð var sú breyting að flokka fyrirtæki í þrjú flokka eftir stærð í stað tveggja eins og verið hefur undanfarin ár.





# FYRIRTÆKI TIL FYRIRMYNDAR 2012

Fyrirmyndarfyrirtæki ársins 2012 eru þrjátíu talsins, tíu efstu fyrirtækin í hverjum flokki. VR telur ástæðu til að vekja sérstaka athygli á frammistöðu þessara fyrirtækja sem mörg hver eru ofarlega á lista á hverju ári, hvort sem árar vel eða illa í þjóðfélaginu. Frá árinu 2005 hafa því efstu fyrirtækin í könnun VR á Fyrirtæki ársins fengið nafnbótina Fyrirmyndarfyrirtæki.

Við óskum fyrirtækjunum til hamingju með árangurinn. Hér að neðan er birtur listi yfir þessi fyrirtæki í öllum þremur flokkunum, athugið að fyrirtækin eru birt í stafrófsröð.

## STÓR FYRIRTÆKI

1912  
ISS Ísland  
Íslenska gámafélagið  
Johan Rönning  
Logos  
Mannvit  
Nova  
Securitas  
Vistor  
Öryggismiðstöð Íslands

## MEÐALSTÓR FYRIRTÆKI

Árnason Faktor  
Bernhard  
Fálkinn  
Ferðapjónusta bænda  
Gogogic  
Íslensk getspá  
Kjarnavörur  
Margt smátt  
Trackwell  
Veritas Capital

## LÍTIL FYRIRTÆKI

Birtingahúsið  
Gróco  
Katla DMI  
Microsoft Íslandi  
Sigurborg  
Skattur og bókhald  
Spölur  
Sæmark  
Verslunartækni  
Vinnuföt



# EINKUNNIR HÆKKA Á MILLI ÁRA

Átta þættir eru grunnurinn að vali VR á Fyrirtæki ársins og fær hver þessara þátta einkunn frá einum til fimm. Þættirnir mæla viðhorf svarenda til fyrirtækisins og starfsumhverfisins og saman mynda þessar einkunnir heildareinkunn fyrirtækisins. Þættirnir eru:

**Trúverðugleiki stjórnenda** tekur m.a. á samskiptum milli yfirmanna og undirmanna og trausti til stjórnenda fyrirtækisins. Þessi þáttur hefur hækkað mikið á síðustu árum og veur athygli að hækkingin var mest á milli árunna 2008 og 2009, eða strax eftir hrun. Einkunn fyrir trúverðugleika stjórnenda hefur lækkað aftur en er þó umtalsvert hærri en hún var árið 2004. Trúverðugleiki stjórnenda fær marktækt hærri einkunn í hópi minnstu fyrirtækjanna, þar sem starfa færri en 20 starfsmenn. Þá er áhugavert að trúverðugleikinn fær mun lægri einkunn í verslun og iðnaði en í öðrum atvinnugreinum.

**Starfandinn** er e.t.v. sá þáttur sem flestir líta til og hefur alla jafna fengið háa einkunn í Fyrirtæki ársins. Þeir sem hafa lengstan starfsaldur gefa starfandanum ívið hærri einkunn en þeir sem hafa stytan starfsaldur.

**Launakjör** er sá þáttur sem hefur alltaf fengið lægstu einkunn í könnun VR og er engin breyting á því í ár þó að einkunnin hafi hækkað eilíftið, úr 3,16 að meðaltali í fyrra í 3,19 í ár. Ánægja með launakjörin er umtalsvert meiri í litlum fyrirtækjum en þeim stærri og er munurinn talsverður á milli minnstu og stærstu fyrirtækja; 53% starfsmanna í minnstu fyrirtækjunum eru nokkuð sátt við launakjör sín en aðeins 37% í fyrirtækjum þar sem starfsmenn eru 50 eða fleiri. Einkunn karla er hærri en einkunn kvenna, sem kemur kannski ekki á óvart.

Þátturinn **Vinnuskilyrði** tekur til vinnurýmis, öryggis o.fl. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar hafa þessar aðstæður batnað jafnt og þétt á íslenskum vinnumarkaði; árið 2004 var einkunnin fyrir vinnuskilyrði 3,73 að meðaltali en er í dag 4,02. Stærð fyrirtækja virðist hafa nokkuð að segja hvað þetta varðar, bestu vinnuskilyrðin eru í litlum fyrirtækjum.

**Sveigjanleiki vinnu** fjallar um sveigjanleika vinnutímans sjálfs og svigrúms starfsmanna til að samræma vinnu og einkalíf. Erfitt er að meta þennan þátt og því eru allmargar spurningar í könnuninni um hann. Sveigjanleiki virðist nokkuð mikill á vinnumarkaði, samkvæmt niðurstöðunum, og fær hæstu einkunn allra þátta í ár. Fyrirtæki í fjármálaþjónustu og sérhæfðri þjónustu sem og heildsölu fá hæstu einkunn en verslanir og þjónustufyrirtæki þá lægstu.

**Sjálfstæði í starfi** hefur einnig fengið háa einkunn í gegnum árin í könnun VR. Konur telja sig hafa ívið meira sjálfstæði í starfi en karlar og sjálfstæðið eykst eftir því sem svarendur eru eldri og hafa meiri starfsreynslu. Stærð

fyrirtækis virðist einnig hafa áhrif, starfsmenn í litlum fyrirtækjum telja sig hafa meira sjálfstæði en þeir sem starfa í stærri fyrirtækjum.

Einkunn fyrir **Ímynd fyrirtækja** hefur sveiflast nokkuð. Árið 2008, fyrir hrun, var meðaleinkunn fyrirtækja fyrir ímynd 4,28 og hafði aldrei verið hærri. Eftir hrun lækkaði einkunnin þar til nú að hún hækkar lítillega aftur. Undir þessum lið er m.a. spurt hvort fyrirtækið sé almennt talið traust og hvernig umræðunni um það sé háttað. Stærð fyrirtækis virðist skipta hér máli, starfsmenn minni fyrirtækja, bæði lítilla og meðalstórra, eru mun jákvæðari hvað þetta varðar en starfsmenn fyrirtækja þar sem vinna 50 eða fleiri. Fyrirtæki í verslun og þjónustu fá lægstu einkunn fyrir ímynd en næst lægst eru fyrirtæki í fjármálageira og sérhæfðri þjónustu.

Síðasti þátturinn er **Ánægja og stolt** og er hér verið að leita eftir því hvernig starfsmönnum líður í starfi og hvort þeir séu stoltir af sínu fyrirtæki. Meiri ánægja virðist ríkja í litlum fyrirtækjum en þeim sem stærri eru, þó að munurinn sé kannski ekki ýkja mikill.

## ÞRÓUNIN 2004 - 2012\*

|                                  | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 |
|----------------------------------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|
| <b>Heildareinkunn</b>            | 3,79 | 3,83 | 3,89 | 3,93 | 4,01 | 4,08 | 4,04 | 4,05 | 4,07 |
| <b>Trúverðugleiki stjórnenda</b> | 3,74 | 3,83 | 3,81 | 3,83 | 4,00 | 4,12 | 4,05 | 4,02 | 4,01 |
| <b>Starfsandi</b>                | 4,21 | 4,24 | 4,24 | 4,26 | 4,34 | 4,37 | 4,35 | 4,32 | 4,32 |
| <b>Launakjör</b>                 | 3,18 | 3,19 | 3,20 | 3,24 | 3,41 | 3,40 | 3,26 | 3,16 | 3,19 |
| <b>Vinnuskilyrði</b>             | 3,73 | 3,88 | 3,83 | 3,85 | 3,90 | 4,05 | 4,03 | 4,03 | 4,02 |
| <b>Sveigjanleiki vinnu</b>       |      |      | 4,11 | 4,16 | 4,26 | 4,30 | 4,28 | 4,29 | 4,36 |
| <b>Sjálfstæði í starfi</b>       | 4,24 | 4,25 | 4,20 | 4,22 | 4,38 | 4,41 | 4,33 | 4,33 | 4,31 |
| <b>Ímynd fyrirtækis</b>          | 4,11 | 4,20 | 4,11 | 4,11 | 4,28 | 4,11 | 4,07 | 4,06 | 4,09 |
| <b>Ánægja og stolt</b>           |      |      |      |      |      | 4,30 | 4,26 | 4,22 | 4,22 |

\*Hér eru einkunnir birtar fyrir hvern þátt fyrir sig. Hæsta mögulega heildareinkunn sem og einkunn fyrir hvern einstakan þátt er 5,00. Þessar tölur byggja á svörum allra þátttakenda, burtséð frá því hvort fyrirtækið sem viðkomandi starfar hjá komst á lista yfir fyrirtæki ársins eður ei. Mælingu á Sveigjanleika í vinnu var breytt árið 2011 og hafa einkunnir fyrri ára nú verið uppreiknaðar. Sjá nánar um framkvæmdina á [www.vr.is](http://www.vr.is).


# HELSTU NIÐURSTÖÐUR

## SVEIGJANLEIKI VINNU EYKST

Sveigjanleiki starfsmanna í vinnu eykst eilítið á milli ára, samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar, og sögðust rúmlega 89% svarenda ánægð með þann sveigjanleika sem þeir hafa samanborið við tæplega 88% í fyrra. Ef við lítum enn aftur, til ársins 2006, sést að sveigjanleikinn hefur aukist umtalsvert. Árið 2006 var einkunn fyrir sveigjanleika 4,11 en er núna 4,36. Þeim fjölgar mikið sem segjast vera **mjög** ánægðir með sveigjanleika sinn í vinnu, úr 43,4% árið 2006 í 60,4% í ár.

### ERTU ÁNÆGÐ/UR MEÐ ÞANN SVEIGJANLEIKA SEM ÞÚ HEFUR Í VINNUNNI?

Hlutfall þeirra sem segjast vera mjög og frekar ánægðir.




## AUÐVELDARA AÐ SAMRÆMA VINNU OG FJÖLSKYLDU

Einn mælikvarðinn á sveigjanleika er hvort starfsmenn eigi auðvelt með að samræma vinnu og fjölskyldulíf. Árið 2006 sögðust 80% svarenda alltaf eða oftast geta samræmt vinnu og einkalíf en í ár segjast 88% geta það.

### ÉG Á AUÐVELT MEÐ AÐ SAMRÆMA VINNU OG FJÖLSKYLDULÍF.

Hlutfall þeirra sem segjast alltaf eða oftast geta samræmt vinnu og fjölskyldulíf.



## AUKIÐ STARFSÖRYGGI OG BETRI NÝTING Á SVEIGJANLEIKA

„Allir mælikvarðar sveigjanleika í könnunni sýna sömu þróun og fyrir margar spurningar um þennan þátt hafa ekki mælst hærrí einkunnir í könnun VR,“ segir Tómas Bjarnason, sviðsstjóri starfsmanna- og kjarakannanna hjá Capacent sem hefur umsjón með framkvæmd könnunarinnar og úrvinnslu niðurstaðna. „Þetta á einkum við um þær spurningar sem snúa að svigrúmi til að útrétta í vinnutíma og að geta farið úr vinnu með litlum fyrirvara. Meðaltöl beggja þessara spurningar hækka talsvert frá síðustu mælingu og hafa aldrei mælst hærrí.“

Tómas bendir á að sveigjanleiki hafi almennt verið að aukast á vinnumarkaði og að hann hafi náð hámarki árin 2008 og 2009. „Árið 2010 hægði aftur á móti á þeirri þróun og sumar einkunnir lækkuðu lítillega miðað við árin 2008 og 2009. Það vekur upp þær spurningar hvort fólk hafi mögulega fundið fyrir auknum þrýstingi að vera sýnilegt á vinnustaðnum á árinu 2010, sem kann að skýrast af því að starfsmenn hafi ekki verið eins öruggir um stöðu sína. Ef það er rétt sýnir hækkinun nú viðsnúning frá því. Ef til vill hefur dregið úr þrýstingi á fólk að vera sýnilegt og fólk hræðist þá síður að nýta sér þann sveigjanleika sem er fyrir hendi. Þetta kemur fram með jákvæðum hætti í könnuninni og fólk er ánægðara með sveigjanleikann sem það hefur í vinnunni en það hefur verið áður.“

## VELLIÐAN Í STARFI

Almennt líður starfsmönnum vel í sínu starfi og eru ánægðir. Rétt um 86% svarenda líður **mjög** eða **frekar** vel í starfi og er það svipað hlutfall og í fyrra. Það er hins vegar aðeins lægra hlutfall en á árunum 2008 til 2010. Konum líður betur í starfi en körlum og vellíðan eykst eftir því sem árin færast yfir. Margir mælikvarðar í Fyrirtæki ársins sýna mun eftir stærð fyrirtækis og á það við hér einnig, starfsmenn í litlum fyrirtækjum gefa þessum þætti hærrí einkunn en þeir sem starfa í stærstu fyrirtækjunum.

## STARFSÖRYGGI GOTT, AÐ MATI STARFSMANNA

Tæplega 80% svarenda í könnun VR á Fyrirtæki ársins 2012 segjast njóta mikils starfsöryggis hjá sínum vinnuveitanda og einungis 6% segja starfsöryggi sitt lítið. Svohljóðandi staðhæfing var lögð fyrir svarendur: **Starfsöryggi mitt er gott hjá fyrirtækinu.** Af þeim sem svöruðu sögðust 39,5% vera **mjög** sammála þessari staðhæfingu og 39,8% **frekar** sammála.

Mikill munur er á svörum eftir stærð fyrirtækis; 82% starfsmanna í fyrirtækjum þar sem vinna færri en 20 telja sig nokkuð örugga með sitt starf, 81% í fyrirtækjum þar sem starfsmenn eru frá 20 til 49 talsins en 77% í fyrirtækjum þar sem starfa fleiri en 50. Þá er fylgni á milli aukins starfsöryggis og hærrí starfsaldurs. Starfsfólk í verslun og þjónustu telur sig njóta minnst starfsöryggis ef lítið er til atvinnugreina.

## NIÐURSTÖÐUR EFTIR STÆRÐ

Eins og fram hefur komið hér að framan hefur stærð fyrirtækis umtalsverð áhrif á margar niðurstöður í könnun VR á Fyrirtæki ársins. Í minni fyrirtækjum er stjórnun e.t.v. með óformlegri hætti en í stærri fyrirtækjum sem aftur hefur áhrif á bæði samskipti fólks og samstarf. Í stærri fyrirtækjum er starfsemin oft fjölbreyttari og jafnvel ólík eftir deildum eða vinnustöðum og það kallar á mismunandi samskipti, vinnuaðferðir og stjórnun.

Undanfarin ár hefur fyrirtækjum í könnuninni verið skipt í tvo hópa eftir stærð en í ár er þeim skipt í þrennt; stór fyrirtæki þar sem starfsmenn eru fimmtíu eða fleiri, meðalstór fyrirtæki þar sem starfsmenn eru að lágmarki 20 talsins en að hámarki 49, og lítil fyrirtæki þar sem vinna færri en 20 starfsmenn. Umtalsverður munur er á meðaleinkunn fyrirtækjanna og eftir þáttum, eins og sjá má hér að neðan.

|                           | Lítill fyrirtæki<br>hámark<br>19 starfsm.* | Meðalstór<br>fyrirtæki<br>20 – 49 starfsm.* | Stór fyrirtæki<br>50 eða fleiri<br>starfsm.* |
|---------------------------|--|---|--|
| Heildareinkunn            | 4,19                                       | 4,11  | 4,03   |
| Trúverðugleiki stjórnenda | 4,12                                       | 4,03  | 3,97   |
| Starfsandi                | 4,35                                       | 4,30  | 4,28   |
| Launakjör                 | 3,48                                       | 3,35  | 3,13   |
| Vinnuskilyrði             | 4,20                                       | 4,00  | 4,00   |
| Sveigjanleiki vinnu       | 4,48                                       | 4,38  | 4,36   |
| Sjálfstæði í starfi       | 4,39                                       | 4,32  | 4,28   |
| Ímynd fyrirtækisins       | 4,24                                       | 4,24  | 4,03   |
| Ánægja og stolt           | 4,30                                       | 4,26  | 4,18   |

\* Þær tölur sem hér eru birtar miða eingöngu við fyrirtæki sem komust á lista.

## ALMENNUR VS. OPINBER

Könnun VR á vinnuaðstæðum hefur undanfarin ár einnig náð til SFR stéttarfélags. Í ár nær hún til fleiri en nokkur tíma áður, starfsmanna ríkisstofnana, félagsmanna SFR og Starfmannafélags Reykjavíkurborgar auk VR. Það er áhugavert að bera saman viðhorf þessara hópa.

Starfsmenn á almennum vinnumarkaði gefa hærri einkunnir fyrir alla þætti en starfsmenn á hinum opinbera og er munurinn stundum mikill. Mestur er hann fyrir launakjörin, meðaltal fyrir þann þátt hjá félagsmönnum VR er 3,19 en vel undir þremur hjá SFR og StRv. Munurinn er einnig mikill þegar kemur að þættinum ímynd fyrirtækis, meðaltal félagsmanna VR er 4,09 en 3,72 hjá félagsmönnum SFR og starfsmönnum ríkisstofnana og 3,67 hjá félagsmönnum Starfmannafélags Reykjavíkurborgar.

|                           | VR   | SFR &<br>ríkisstofnanir | StRv |
|---------------------------|------|-------------------------|------|
| Heildarmeðaltal           | 4,07 | 3,77                    | 3,75 |
| Trúverðugleiki stjórnenda | 4,01 | 3,71                    | 3,73 |
| Starfsandi                | 4,32 | 4,12                    | 4,03 |
| Launakjör                 | 3,19 | 2,59                    | 2,28 |
| Vinnuskilyrði             | 4,02 | 3,77                    | 3,55 |
| Sveigjanleiki vinnu       | 4,36 | 4,09                    | 4,07 |
| Sjálfstæði í starfi       | 4,31 | 4,17                    | 4,13 |
| Ímynd fyrirtækis          | 4,09 | 3,72                    | 3,67 |
| Ánægja og stolt           | 4,22 | 4,03                    | 3,93 |



## VINNINGSNÚMERIN Í HAPPRÆTTINU 2012

Allir sem svöruðu könnun VR á Fyrirtæki ársins 2012 eiga möguleika á glæsilegum ferðavinningi, gjafabréfi frá Icelandair að andvirði 50 þúsund krónur. Búið er að draga út fimmtán vinningsnúmer og er vinningshöfum bent á að hafa samband við VR í síma 510 1700.

Vinningsnúmerin eru: 70138 - 91661 - 100977 - 110047 - 114163  
117853 - 121381 - 122587 - 151207 - 201961 - 203828 - 300444  
603267 - 610340 - 610728

# STARF – VINNUMIÐLUN OG RÁÐGJÖF

NÝ ÞJÓNUSTA FYRIR ATVINNULEITANDI FÉLAGSMENN VR



20

## TILRAUNAVERKEFNI UM ÞJÓNUSTU VIÐ ATVINNULEITENDUR

Verkefnið byggir á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. maí 2011 sem gefin var í tengslum við gerð kjarasamninga. Í kjölfarið var gert samkomulag milli velferðarráðuneytisins, Vinnumálastofnunar, Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambandsins um tilraunaverkefni til þriggja ára um þjónustu við atvinnuleitendur. Verkefnið sækir heimildir sínar til laga nr. 54/2006 um atvinnuleysisstryggingar og laga nr. 55/2006 um vinnumarkaðsaðgerðir. ASÍ og SA hafa stofnað félag STARF ehf. sem mun annast faglega stýringu verkefnisins og hafa yfirumsjón með vinnumiðlun og ráðgjöf hvað varðar vinnumarkaðsaðgerðir til félagsmanna

þeirra stéttarféлага sem taka þátt í verkefninu.

## HVERT ER MARKMIÐ VERKEFNISINS?

Markmið verkefnisins er að efla vinnumiðlun og stuðla að virkari vinnumarkaðsaðgerðum í þeim tilgangi að auka líkurnar á því að atvinnuleitendur fái störf að nýju. Jafnframt er miðað við að félögin geti aðstoðað atvinnuleitendur við umsókn um atvinnuleysisbætur, öflun og frágang gagna og mun gegna hlutverki tengiliðs við atvinnuleitandi félagsmenn og Vinnumálastofnunar. Áhersla er lögð á að um viðbót er að ræða við núverandi þjónustu á sviði vinnumiðlunar og ráðgjafar sem Vinnumálastofnun hefur haft með höndum. Vinnumiðlun og ráðgjöf við atvinnuleitendur

verður því áfram starfrækt í því formi sem gert hefur verið hjá Vinnumálastofnun en nú býðst félagsmönnum VR að sækja þá þjónustu beint til félagsins. Greiðsla atvinnuleysisbóta og taka stjórnvaldsákvæðana um réttindi og skyldur atvinnuleitenda fer áfram fram hjá Vinnumálastofnun.

## HVER ER STAÐA ATVINNULEITANDI FÉLAGSMANNA VR?

Í nýjstu ársskýrslu VR fyrir árið 2011 kemur fram að fullgildir félagsmenn VR voru 28.840 talsins. Í apríl 2012 voru 2.272 félagsmenn í atvinnuleit eða um 7,8% fullgildra félagsmanna. Staða atvinnuleitandi félagsmanna VR er því sambærileg við aðra atvinnuleitandi

“ Markmið verkefnisins er að efla vinnumiðlun og stuðla að virkari vinnumarkaðs-  
aðgerðum í þeim tilgangi að auka líkurnar á því að atvinnuleitendur fái störf að nýju.

launamenn en samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun mældist atvinnuleysi á landsvísi 7,3 % í mars 2012.

### HVER ER STAÐAN Á VINNUMARKAÐINUM?

Samkvæmt upplýsingum frá Samtökum atvinnulífsins þá fækkaði fullum störfum um 13.400 árið 2009 í kjölfar efnahagsþrenginganna sem gengu hér yfir í október 2008. Árið 2010 fækkaði fullum störfum um 2500 störf en sú fækkun gekk til baka árið 2011. Af þessu má því sjá að staðan í dag er í reynd sú sama og hún var árið 2009. Því hefur svo til engin breyting orðið á vinnumarkaði frá efnahagshruninu. Ljóst er að staðan gæti verið mun betri og því brýnt að koma hjólum atvinnulífsins aftur í gang svo unnt sé að efla samfélagið með heilbrigðri atvinnuuppbyggingu. VR telur sig hafa alla burði til þess að leggja sitt af mörkum við þessa nauðsynlegu uppbyggingu atvinnulífsins og er þátttaka í samstarfsverkefninu stór hluti af því.

### Í HVERJU FELST ÞJÓNUSTAN?

VR hyggst bjóða félagsmönnum sínum fjölbreytt náms- og starfsúrræði þar sem sérstök áhersla verður lögð á að þau endurspegli þarfir vinnumarkaðarins og að þau náms- og starfsúrræði sem verða atvinnuleitendum í boði nýtist þeim markvisst í atvinnuleit. Þá mun VR leitast við að veita atvinnuleitandi félagsmönnum sínum persónubundna og einstaklingsmiðaða þjónustu sem byggir, eins og kostur, er á styrkleikum hvers og eins.

Við veitingu þjónustunnar verður lögð sérstök áhersla á samstarf milli VIRK starfsendurhæfingar, kjaramálasviðs VR og STARFS í þeim tilgangi að tryggja sem besta og fjölbreyttasta þjónustu við atvinnuleitandi félagsmenn.

### HVENÆR ER ÁÆTLAÐ AÐ ÞJÓNUSTAN HEFJIST?

Áætlað er að VR taki yfir þessa þjónustu mánaðarmótin maí – júní. VR hvetur alla sína atvinnuleitandi félagsmenn til þess að nýta sér þá þjónustu sem verður í boði hjá félaginu og vonast til þess að geta aðstoðað sem flesta.



#### SARA LIND GUÐBERGSDÓTTIR

Deildarstjóri ráðgjafardeildar

Sara Lind hefur starfað við úrlausn ýmissa lögfræðilegra álitaefna á stjórnslusviði Vinnumálastofnunar. Hún hefur viðtæka reynslu í málaflokki atvinnuleitenda.

#### MOTTÓ

Vertu breytingin sem þú vilt sjá í heiminum -  
Be the change you want to see in the world.

- Mahatma Gandhi



#### GERÐA BJÖRG HAFSTEINSDÓTTIR

Fagstjóri vinnumiðlunar

Gerða Björg starfaði sem mannauðsráðgjafi hjá Reykjavíkurborg og þar á undan sem atvinnufulltrúi hjá Kópavogsbæ. Gerða hefur starfað sem ráðgjafi á sviði mannauðsmála.

#### MOTTÓ

Lifðu lífinu lifandi.



#### ÓLAFUR HEIÐAR HARÐARSON

Fagstjóri ráðgjafar

Starfaði sem ráðgjafi í tengslum við Barnavernd Reykjavíkur síðustu árin. Hefur mikla reynslu af vinnu með fólki í gegnum tíðina sem ráðgjafi, leiðbeinandi, stuðningsfulltrúi og íþróttabjálfi.

#### MOTTÓ

Hamingja er ein tegund hugrekksis.



#### JÓHANNA ELÍSABET VILHELMSDÓTTIR

Vinnumiðlari

Jóhanna hefur viðtæka reynslu af störfum sínum sem verkefnastjóri hjá VR í málefnum atvinnuleitenda. Áður starfaði hún við sölu og markaðsmál í bóka- og blaðaútgáfu.

#### MOTTÓ

Brostu við lífinu, þá brosir lífið á móti þér!



# ORLOF OG ORLOFSRÉTTUR

## Í KJARASAMNINGUM VR VIÐ SAMTÖK ATVINNULÍFSINS (SA) OG FÉLAG ATVINNUREKENDA ( ÁÐUR FÍS)

Lágmarks orlof skal vera 24 virkir dagar fyrir hvern launþega. Það þýðir að tveir orlofsdagar ávinnast fyrir hvern mánuð unninn á orlofsárinu.

Eftir 5 ára starf í starfsgrein öðlast launþegi 25 virka daga í orlof.

Eftir 5 ára starf í sama fyrirtæki öðlast launþegi 27 virka daga í orlof.

Eftir 10 ára starf í sama fyrirtæki öðlast launþegi 30 virka daga í orlof.

Starfsmaður sem öðlast hefur 30 daga orlofsrétt eftir 10 ára starf hjá fyrri atvinnurekanda fær hann að nýju eftir þrjú ár hjá nýjum atvinnurekanda enda hafi rétturinn verið sannreindur.

Starfsmaður sem öðlast hefur 27 daga orlofsrétt eftir 5 ára

starf hjá fyrri atvinnurekanda, fær hann að nýju eftir þrjú ár hjá nýjum atvinnurekanda enda hafi rétturinn verið sannreindur.

### ORLOFSPRÓSENTUR ERU EFTIRFARANDI

|                   |
|-------------------|
| 24 dagar = 10,17% |
| 25 dagar = 10,64% |
| 26 dagar = 11,11% |
| 27 dagar = 11,59% |
| 28 dagar = 12,07% |
| 29 dagar = 12,55% |
| 30 dagar = 13,04% |

Til orlofsdaga teljast aðeins virkir dagar. Á orlofstímanum frá 2. maí - 15. september ár hvert eiga starfsmenn almennt rétt á 24 daga orlofi, jafnvel þó þeir eigi ekki rétt til orlofslauna allan þann tíma hjá vinnuveitanda.



*Ef starfsmaður fer í orlof eftir 15. september að ósk atvinnurekanda, skal hann fá 25% lengingu á þann hluta orlofsins sem út af stendur.*

### LÆKKUN Á STARFSLUTFALLI

Orlof er alltaf hlutfallslegt, sem þýðir að starfsmenn fá orlof í hlutfalli við vinnuframlag sitt á tímabilinu frá 1. maí – 30. apríl.

Ef starfsmaður sem á 24 daga orlofsrétt, hefur verið í 100% starfi frá 1. maí 2011 – 31. október 2011 og síðan farið í 80% starf frá 1. nóvember 2011 og vinnur þannig til 30. apríl 2012, þá er orlofsdagafjöldi hans áfram 24 dagar þó hann hafi lækkað í starfshlutfalli en hann fær 12 daga á 100% launum og 12 daga á 80% launum í orlofinu sínu. Breytingin á orlofi starfsmannsins er því á greiðslum hans í orlofi en lengd orlofsins í dögum talið breytist ekki.

### ORLOFSTAKA UTAN TÍMABILS

Ef starfsmaður fer í orlof eftir 15. september að ósk atvinnurekanda, skal hann fá 25% lengingu á þann hluta orlofsins sem út af stendur. Þetta þýðir að fyrir hverja fjóra daga sem teknir eru eftir þann tíma, bætist fimmte dagurinn við. Ef starfsmaður óskar hins vegar sjálfur eftir orlofi síðar en 15. september lengist orlof hans ekki.

### HVENÆR BER AÐ GREIÐA ORLOFSLAUN?

Orlofslaun ber að greiða þegar launþegi fer í orlof. Einnig er mögulegt að samningur hafi verið gerður um vörslu orlofslauna við tiltekinn banka eða sparisjóð, en þá er orlofsfé laust eigi síðar en 15. maí ár hvert. Þegar starfsmaður hættir störfum hjá vinnuveitanda ber að greiða út áunnið orlof, skv. lögum um orlof nr. 30/1987.

### ÁKVÖRÐUN ORLOFSTÖKU

Orlofstímabilið er frá 2. maí - 15. september ár hvert. Í lögum um orlof segir að atvinnurekandi skuli í samráði við launþegann ákveða orlofstöku hans. Atvinnurekandi skal verða við óskum launþegans um hvenær orlof skuli tekið, að svo miklu leyti sem unnt er vegna starfseminnar. Endanleg ákvörðun um orlofstöku er því í höndum vinnuveitanda. Atvinnurekandi skal eins fljótt og unnt er, eða í síðasta lagi einum mánuði fyrir byrjun orlofs, tilkynna launþega hvenær orlof skuli hefjast.

### LOKUN FYRIRTÆKIS VEGNA ORLOFS

#### STARFSMANNA

Vinnuveitanda er heimilt að loka fyrirtæki á meðan á orlofi starfsmanna stendur, ef hann tilkynnir starfsmönnum það með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Þeir sem ekki hafa áunnið sér fullan orlofsrétt, geta ekki krafist launa allan þann tíma. Aftur á móti geta þeir starfsmenn sem þegar hafa tekið orlof sitt á tímabilinu, átt rétt til launa þann tíma sem lokað er.

#### VEIKINDI Í ORLOFI

Starfsmaður sem veikist innanlands í orlofi það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins skal á fyrsta degi, t.d. með símskeyti, tilkynna vinnuveitanda um veikindin og hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð. Fullnægi hann tilkynningunni og veikindin standa samfelld lengur en 3 sólarhringa innanlands eða 6 sólarhringa innan EES-svæðisins, Bandaríkjanna, Kanada og Sviss, auk þess að leiða til sjúkráðsvisitar (hjá FA þurfa veikindi erlendis að leiða til sjúkráðsvisitar eða heimflutnings), á launþeginn rétt til uppbótarorlofs jafn langan tíma og veikindin sannanlega vörðu. Undir framangreindum kringumstæðum skal launþegi ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði, sé þess óskað.

#### ORLOF OG UPSAGNARFRESTUR

Vinnuveitandi getur ekki einhliða ákveðið að orlof launþega komi inn í uppsagnarfrest hans. Uppsagnarfrestur á að nýtast starfsmanni óskertur við að leita sér nýrrar vinnu. Ef vinnuveitandi gæti ákveðið að orlof kæmi inn í uppsagnarfrest starfsmannsins myndi umsáminn uppsagnarfrestur ekki nýtast starfsmanninum eins og til er ætlast. Orlof getur því ekki fallið inn í uppsagnarfrest, hvort sem tekin hefur verið ákvörðun um orlof fyrir uppsögn eða ekki, nema með samþykki bæði launþega og vinnuveitanda.

#### FRAMSAÐ ORLOFS Á MILLI ÁRA

Skv. 13. grein orlofslaga er framsal á orlofi og orlofslaunum óheimilt á milli ára. Þetta þýðir að launþegi þarf að fullnýta orlofsrétt sinn áður en nýtt orlofsár hefst. Það er í raun sameiginleg ábyrgð vinnuveitanda og launþega að sjá til þess að orlof sé nýtt innan tilskyldra tímamarka.

#### VANSKIL ATVINNUREKANDA Á ORLOFI

Ef starfsmenn hafa ekki fengið greitt út orlof sitt frá vinnuveitanda á réttum tíma er hægt að leita til skrifstofu VR og óska aðstoðar félagsins við innheimtu á kröfunni.

*Nánari upplýsingar um orlofstöku og orlofslög er hægt að nálgast hjá starfsfólki á kjarasviði VR.*

# ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

## FYRIRTÆKI ÁRSINS 2010 OG 2011 Í FLOKKI STÆRRI FYRIRTÆKJA

24

Íslenska gámafélagið er leiðandi fyrirtæki í umhverfisþjónustu. Fyrirtækið var stofnað af Jóni Þóri Frantzsyni árið 1999. Starfsmenn fyrirtækisins eru 250 og þjónusta þeir rúmlega 3000 fyrirtæki og stofnanir út um allt land. Íslenska gámafélagið sér um sorplosun í mörgum sveitafélögum og hefur innleitt svokallað 3ja tunnu kerfi sem miðar að því að lágmarka urðun úrgangs og hámarka endurvinnslu. Starfsmenn leggja mikla áherslu á jákvætt hugarfar, þeir muna eftir að leika sér og gleðjast. Starfsmenn Íslenska gámafélagsins leggja einnig áherslu á líðsheild og jafnræði þar sem hvert einasta starf skiptir miklu máli í sameiginlegri grænni framtíðarsýn.

### HVER ER MEGINSTARFSEMIN?

Íslenska gámafélagið býður upp á allhliða umhverfisþjónustu. Meginstarfsemin liggur í endurvinnslu og sorphirðu ásamt umhverfisráðgjöf, hafnargerð, götusópun, hálkueyðingu og rekstur sanddæluskips. Við rekum einnig vélaleigu og verkstæði sem sérhæfir sig í metanbreytingum og framleiðum lífðísil sem við keyrum bílaflotann okkar á.

### LÝSIÐ STARFSANDA FYRIRTÆKISINS?

Íslenska gámafélagið er þekkt fyrir sterka og sveigjanlega fyrirtækjamenningu. Mannauðs-stefna fyrirtækisins sækir stuðning í heimspeki Fisksins „Fish Philosophy“ en hún lýsir vilja fyrirtækisins til að vera framúrskarandi vinnustaður þar sem metnaðarfullt starf er unnið af jákvæðu, samstilltu og ábyrgu fólki í anda jafnræðis. Gildi fyrirtækisins eru þau að við erum GRÆN og stendur fyrsti stafurinn fyrir GLEÐI sem er eitt helsta gildi Íslenska gámafélagsins, næst á

eftir er REYNSLA sem býr að þeirri áratuga reynslu sem býr að baki fyrirtækinu. Þriðji stafurinn stendur fyrir ÆVINTÝRI þar sem fyrirtækið leggur mikla áherslu á nýsköpun og framþróun og að fara nýjar leiðir. Nákvæmni er fjórða gildi fyrirtækisins. Þrátt fyrir að við séum ólík þá sameinumst við í sterkri líðsheild þar sem við fáum að vera við sjálf.

### HVAÐ Í STARFSEMI FYRIRTÆKISINS ERU STARFSMENN ÁNÆGÐASTIR MEÐ?

Við erum stolt af því að tilheyra GRÆNU byltingunni. Við erum frumkvöðlar og leggjum okkur fram við að koma vel fram við hvert annað ásamt því að bera virðingu fyrir jörðinni okkar fyrir komandi kynslóðir. Nýlega innleiddi Íslenska gámafélagið ISO 14001 umhverfisstaðalinn, fyrst sorphirðufyrirtækja á Íslandi. Á sama tíma var innleiddur ISO 9001 gæðastaðalinn sem eykur á skilvirkni og nákvæmni í þjónustu fyrirtækisins til viðskiptavinarins. Má segja að síðasta en þó ekki sísta gildið okkar, nákvæmni, hafi komið okkur að góðu gagni við að ná þessum frábæra áfanga í fyrirtækinu.

### HVAÐA ÞÝÐINGU HEFUR VIÐURKENNINGIN „FYRIRTÆKI ÁRSINS“

#### FYRIR STARFSFÓLK FYRIRTÆKISINS?

Síðustu ár eftir kreppu hafa verið krefjandi bæði fyrir starfsmenn og fyrirtækið og því óhætt að segja að þessi viðurkenning hafi veitt okkur aukinn kraft til að halda áfram baráttunni og vilja til að gera enn betur. Það að tilheyra líðsheild sem ber titilinn „Fyrirtæki ársins“ tvö ár í röð hefur aukið stolt okkar og að sjálfsögðu almenn ánægja með að tilheyra sigurlöðinu.







03

01 Guðný Jóhann Karlsdóttir

02 Guðmundur Már Hilmarsson

03 Héðinn Hilmarsson  
Grímur Einarsson

04 Erla Guðrún Hjartardóttir



04



05



06



07



08

05 Friðrik Már Arnórsson

06 Guðmundur Ottósson  
Sigurður S. Júlíusson

07 Helga Fjóla Sæmundsdóttir

08 Bjarni Birgisson



# UM BARÁTTUDAGA VERKALÝÐS OG MAÍSÓLINA

HUGLEIÐING Á 1.MAÍ 2012

26

Þegar maísólin sendir geisla sína inn um gluggann minn hugsa ég til gamals vinar sem fæddist og ólst upp á erfiðum tímum á Íslandi. Hann trúði á maistjörnuna, barðist fyrir henni og fána framtíðarlandsins, lést svo saddur lífdaga þegar maísólin skein hátt á lofti árið 2008.

Í mörg ár hafði ég ætlað í kröfugöngu á 1. maí. Einhvern veginn kom ég mér aldrei til þess, það vantaði í mig baráttuandann býst ég við. En alltaf ætlaði ég á næsta ári, las blöðin sem bárust frá stéttarfélagunum og hlustaði af athygli hvað sagt var í fréttum af baráttufundunum.

Svo kom að því að ég fór vorið 2011 enda vöknud af svefni Þyrnirósar. Það var vorhret á glugga þann dag svo ég þurfti að dúða mig í vetrarfötin. Ég bað 13 ára son minn að koma með, ganga með mér til að krefjast réttlátara samfélags, jöfnuðar og vinnu fyrir komandi kynslóðir. Hann neitaði í fyrstu en gengið var til samninga þegar ég bauðst til að borga honum 1000 krónur fyrir.

## ÞEGAR UNGT FÓLK Í BLÓMA LÍFISINS DÓ

Á leiðinni í bæinn sagði ég syni mínum frá Eyjólfí R. Eyjólfssyni, vini mínum. Þegar Eyjólfur fæddist árið 1921 var faðir hans, sem hafði verið kyndari á togara, nýlátinn úr lungnabólgu. Næstu ár vann móðir hans myrkranna á milli við að vaska fisk til að sjá þeim mæðginum farboða. Ekkert félagslegt kerfi rétti einstæðri móður hjálparhönd. Þegar Eyjólfur var 11 ára var móðir hans borin fárveik frá þvottakarínu og hún lést stuttu síðar. Það voru erfiðir tímar fyrir munaðarlausan pilt árið 1932 sem mörkuðu sín spor. Svo varð piltur að manni sem trúði á maistjörnuna og lagði sitt að mörkum til framtíðarlandsins. Maistjarna nóbelskaldsins mun ævinlega vekja upp minningu um alþýðumanninn Eyjólf R. Eyjólfsson. Saga Eyjólfsson er líka dæmi um hverju samtakamáttur launamanna hefur



“

Í dag biðjum við ekki um neitt heldur krefjumst gall í gjallarhornum og svo kom óskalisti hins vinnandi manns: Samfélag jöfnuðar með alvöru gjaldmiðil, að laun dugi til framfærslu og öflugt velferðarkerfi var þar á meðal.



breytt og vonandi munu aldrei aftur koma tímar á landi ísa þar sem ungt fólk í blóma lífsins deyr frá börnum sínum vegna slæmra kjara, aðbúnaðar og vinnuhörku.<sup>1</sup>

### NAPUR VINDUR OG VORHRET

Það voru fleiri en launamenn að krefjast réttlátara samfélags í göngunni því nokkru fyrir framan VR félaga gekk hópur af ungum baráttukonum. Þær sungu nýjan texta við lagið „Jesú er besti vinur barnanna“ sem hljómaði á þennan veg: „Björgvin er besti vinur nauðgara“. Ósmekklegt og óviðeigandi fannst mér. Svo voru ungmenni á sveimi, svartklædd og óþekktanleg, með þann eina tilgang að reyna að skapa óróa.

Gangan hélt niður Laugaveg og milli þess sem ungu baráttukonurnar öskruðu sig hásar heyrðist í Lúðrasveit verkalyðsins. Þegar Internationalinn var spilaður hóf maður fyrir aftan okkur í göngunni upp raust sína og söng með fallegri bassaródd textann allan. Það var „moment“. Á Austurvelli voru gerð hróp að ræðumönnum og þar tókst ægslalýð að eyðileggja stemningu máisólar og einingarbands.

### SKÓHLJÓÐ Í SÓLSKINI

Mái rann upp á ný 2012 og sól gægðist úr skjújum. Máisól sem hlýjaði og flutti með sér bjartsýni og gleði. Sonurinn hvattur til að koma aftur með í göngu en án árangurs því ekki þýðir að bjóða nýríku fermingarbarni laun fyrir kjarabaráttu. Samningsaðstaðan gagnvart komandi kynslóð var vonlaus.

„1. maí er ekki frídagur til að sinna vorverkum í garðinum“ skrifaði ég í andlitsbókina áður en létt skóhljóð heyrðist á steyptri stétt. Fékk mörg „like“ á það. Efst á Laugaveginum söfnuðust karlar, konur og börn undir blaktandi fánum til að krefjast réttlátara samfélags. Veðrið eins og best verður á kosið, hátíðarstemning og bros á hverju andliti. „Í dag biðjum við ekki um neitt heldur krefjumst“ gall í gjallarhornum og svo kom óskalisti hins vinnandi manns: Samfélag jöfnuðar með alvöru gjaldmiðil, að laun dugi til framfærslu og öflugt velferðarkerfi var þar á meðal.

Enn á ný varð mér hugsað til Eyjólfsvinar míns og genginna kynslóða. Til þeirra sem börðust fyrir vökulögum 1921, almannatryggingum 1936, sumarleyfi 1942, atvinnuleysistryggingum 1956 og fleira. Það er þeim að þakka að fimbulvetri hins vinnandi manns lauk á 20. öld. En baráttunni er ekki lokið og stéttarfélag munu halda áfram að gegna mikilvægu hlutverki í samfélaginu. Í dag hugsa ég til þeirra sem glíma við atvinnuleysi og þunga greiðslubyrði vegna efnahagshrunsins. Í dag hugsa ég til þeirra sem ná ekki endum saman og hafa misst vonina um betri tíð. Fyrir þau þurfum við að berjast.

<sup>1</sup> Sjá ævisöguna Gengið á brattann. „Ævisaga Eyjólfsvinar R. Eyjólfssonar „alkakrækis“ eftir Eyrúnu Ingadóttur. Skjaldborg 1998.

# UNGLINGAR ERU LÍKA FÓLK

## GÆTID AÐ RÉTTINDUM BARNNA OG UNGLINGA Á VINNUMARKAÐI

VR hefur í allmörg ár farið í flesta grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu með fræðslu um réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Einnig hafa margir framhaldsskólar fengið fræðslu hjá VR. Unglingarnir eru áhugasamir og spyrja margs enda vinna margir með skólanum. Það sem vekur hins vegar athygli er hvað þau hafa um reynslu sína að segja af vinnumarkaðinum. Það virðist því miður alltof algengt að brotið sé á þeim og rétt að áréttu að foreldrar fylgist vel með og hafi samband við félagið ef spurningar vakna. Nánari upplýsingar er að finna í Reglugerð um vinnu barna og unglunga og Kjarasamningi VR sem hægt að nálgast á [www.vr.is](http://www.vr.is). Einnig er hægt að hringja í þjónustuver VR í síma 510 1700 eða senda fyrirspurn á [vr@vr.is](mailto:vr@vr.is)

### EKKI NÆG ÞJÁLFUN

Borið hefur á því að ungmenni fái ekki fullnægjandi þjálfun hjá vinnuveitanda í upphafi starfs. Af þeim sökum eru gerðar til þeirra óraunhæfar kröfur sem valda oft vanlíðan sem svo leiðir annað hvort til þess að gerð eru mistök í starfi eða að ungmennin gefast upp. Ekki er hægt að ætlast til að nýr starfsmaður geti gengið beint í störf og innt þau eins vel af hendi og fastur starfsmaður. Mörg fyrirtæki eru til fyrirmyndar hvað þetta varðar en hjá öðrum er nokkru ábótavant. Það er mjög mikilvægt að ungmenni fái þjálfun og að eldri samstarfsmenn leiðbeini viðkomandi í störfum og um starfsreglur. Starfsmaðurinn sjálfur og forsvarsmenn hans eiga að óska eftir skýrum fyrirmælum í upphafi starfsins þannig að ekki fari á milli mála hvað vinnuveitandi ætlast til af starfsmanninum þegar hann hefur störf og óska eftir þjálfun/kennslu ef ekki er þekking á verkunum.

### VINNUTÍMI

Þó nokkur misbrestur er á vinnutíma og vinnutilhögum ungmenna í verslunum og er rétt að koma því á framfæri að í upphafi starfstíma skal fyrirkomulagið ákveðið og er þá bæði verið að tala um upphaf og

lok vinnudags. Breyting á vinnutíma síðar á starfstímanum skal eiga sér stað með uppsagnarfrests fyrirvara skv. 12. kafla um uppsagnarfrest í kjarasamningi eða um það samið og skal þá vera gagnkvæm sátt um þá breytingu og getur hún þá jafnvel átt sér stað strax.

Annað sem koma þarf á framfæri er að starfsmaður telur sig vera að ráða sig í fullt starf, þ.e. 100% starf, en þegar launaseðlarnir eru skoðaðir er einungis um hlutastarf að ræða. Því er nauðsynlegt að aðilar geri sér grein fyrir því að 100% starf þ.e. fullt starf hjá starfsfólki sem sinnir afgreiðslustörfum og eða öðrum verslunarstörfum er 171,15 klst. í mánuði (39,5 klst. á viku) skv. gr. 2.1. í kjarasamningi VR og SA og 162,5 klst. á mánuði (37,5 klst. á viku) hjá starfsfólki á skrifstofu. Skv. 3 kafla í kjarasamningi um matar- og kaffitíma eru 35 mín. kaffihlé á dag innifalin inn í 171,15 klst. og 15 mín kaffi hlé hjá skrifstofufólki.

### MINNT ER Á EFTIRFARANDI ATRIÐI:

- Börn yngri en 13 ára mega einungis vinna 7 klst. á dag 5 daga vikunnar utan starfstíma skóla og aðeins mjög létt störf, svo sem við menningu, listir og íþróttaviðburði.
- 13-14 ára unglingar mega vinna létt og hættulaus störf svo sem þjónustustörf. Skv. reglugerð nr. 426/1999 mega 13 – 14 ára einungis vinna létt störf í verslunum og sérstaklega er tekið fram að afgreiðsla á kassa sé ekki heimil.
- 5-17 ára unglingar mega vinna flest störf nema þau sem teljast hættuleg eða líkamlega mjög erfið. Þeir mega þó ekki vinna með hættuleg efni eða vélar.

Öll vinna barna og unglunga undir 18 ára aldri skal fara fram undir eftirliti einstaklings sem er orðinn 18 ára.

## VINNUTÍMI BARNNA OG UNGLINGA

|                       | Börn<br>13–14 ára                       | Börn 15 ára<br>í skyldunámi             | Unglingar<br>15–17 ára                  |
|-----------------------|---|---|---|
| Á starfstíma skóla    | 2 klst. á dag,<br>12 klst. í viku       | 2 klst. á dag,<br>12 klst. í viku       | 8 klst. á dag,<br>40 klst. í viku       |
| Utan starfstíma skóla | 7 klst. á dag<br>35 klst. í viku        | 8 klst. á dag,<br>40 klst. í viku       | 8 klst. á dag,<br>40 klst. í viku       |
| Vinna bönnuð          | kl. 20-6                                | kl. 20-6                                | kl. 22-6                                |
| Hvíld                 | 14 klst. á sólarhring<br>2 dagar í viku | 14 klst. á sólarhring<br>2 dagar í viku | 12 klst. á sólarhring<br>2 dagar í viku |

# SUMARSTARFSHORFUR UNGMENNA

Texti: **Sara Lind Guðbergadóttir** – deildarstjóri ráðgjafardeildar VR



Þegar skólum landsins lýkur að vori fjölga ungmennum á vinnumarkaði margfalt. Þó einungis tímabundið þar sem flestir halda aftur í nám að sumarleyfi loknu. Þar sem vinnumarkaðurinn hefur einungis svigrúm til þess að taka við ákveðnum fjölda ungmenna vaknar sú spurning hvað skuli gera við þá sem ekki ganga að starfi er sumarleyfi hefst. Í því skyni að aðstoða sem flest ungmenni við framfærslu yfir sumartímam hafa sveitarfélögin í gegnum tíðina boðið ungmennum ýmiskonar störf og vinnuskóla.

## Á VEFSÍÐUM FLESTRA SVEITARFÉLAGA ER AÐ FINNA NÁNARI UPPLÝSINGAR UM HVAÐA STÖRF ERU Í BODI:

|  |  |
|--|--|
| <a href="http://www.akureyri.is">www.akureyri.is</a>           | <a href="http://www.isafjordur.is">www.isafjordur.is</a>         |
| <a href="http://www.arborg.is">www.arborg.is</a>               | <a href="http://www.kopavogur.is">www.kopavogur.is</a>           |
| <a href="http://www.egilsstadir.is">www.egilsstadir.is</a>     | <a href="http://www.reykjavik.is">www.reykjavik.is</a>           |
| <a href="http://www.gardabaer.is">www.gardabaer.is</a>         | <a href="http://www.skagafjordur.is">www.skagafjordur.is</a>     |
| <a href="http://www.hafnarfjordur.is">www.hafnarfjordur.is</a> | <a href="http://www.vestmannaeyjar.is">www.vestmannaeyjar.is</a> |

Vinnumálastofnun hefur í samstarfi við Velferðarráðuneytið komið af stað átaksverkefninu 900 sumarstörf fyrir námsmenn og atvinnuleitendur sem miðar að því að veita námsmönnum á milli anna og atvinnuleitendum tímabundin störf yfir sumartímam. Námsmenn sem sækja um sumarstörf skulu að lágmarki ná 18 ára aldri á árinu, hafa verið í námi á líðandi vetri og vera skráðir í nám í viðurkenndri menntastofnun, innlendra eða erlendra í haust. Með umsókn þarf að fylgja staðfesting á áframhaldandi skólavist á næstu önn. Það nægir óformleg staðfesting til að mynda um móttöku skráningar um áframhaldandi skólavist af Uglu. Þeir atvinnuleitendur sem hyggjast nýta sér úrræðið þurfa að framvísa launseðli útgefnu af VMST hjá viðkomandi stofnun sem sýnir bótahlutfall. Afrit af seðlinum þarf að fylgja með ráðningarsamningi þegar hann er undirritaður á þjónustuskrifstofu Vinnumálastofnunar.

## RÁÐLEGGINGAR TIL UNGS FÓLK Í ATVINNULEIT Í SUMAR.

Reynslan sýnir að áhrifaríkasta leiðin fyrir ungt fólk til að ná sér í sumarstarf er að fara á milli fyrirtækja, kynna sig og mynda tengsl. Þá er einnig mikilvægt að nýta tengslanetið sitt og leita eftir aðstoð vana og ættingja við atvinnuleitina.

# VINNUFÖT

## FYRIRTÆKI ÁRSINS 2011 Í FLOKKI MINNI FYRIRTÆKJA

Vinnuföt er leiðandi fyrirtæki í sölu og þjónustu á fyrirtækjafatnaði. Fyrirtækið er 12 ára gamalt, stofnað árið 2000 af hjónunum Herdísí Karlsdóttur og Árna Arnarsyni og bróður hans, Erni Arnarsyni. Vinnuföt þjónustar allt sem viðkemur fatnaði og öryggisvörum fyrir starfsmenn fyrirtækja og veitir ráðgjöf varðandi hvaða fatnaður hentar best við mismunandi aðstæður. Starfsmenn leggja mikla áherslu á að veita góða þjónustu.

Starfsmenn fyrirtækisins eru 5 og allt að 8 yfir háannatímamann sem er á vorin og haustin. Fyrirtækið sinnir öllum helstu iðn- og þjónustufyrirtækjum landsins og sér meðal annars um vinnufatnað fyrir öll álver á Íslandi og 2 álver í Bretlandi. Vinnuföt úthýsir hluta af starfsemi til Henson en það fyrirtæki sér um allar merkingar á vinnufatnaði.

### HVER ER MEGINSTARFSEMIN?

Heildverslun með vinnu- og öryggisfatnað.

### LÝSIÐ STARFSANDA FYRIRTÆKISINS?

Fastir starfsmenn fyrirtækisins eru tengdir fjölskylduböndum og því ríkir góður og opinn starfsandi meðal okkar.

### HVAÐ Í STARFSSEMI FYRIRTÆKISINS ERU STARFSMENN ÁNÆGDASTIR MEÐ?

Við erum ánægð með velgengni og framgang fyrirtækisins á undanföllum árum. Einnig erum við ánægð með gæði okkar vöru og öllu því úrvali sem við höfum upp á að bjóða.

### HVAÐA ÞÝÐINGU HEFUR VIÐURKENNINGIN „FYRIRTÆKI ÁRSINS“ FYRIR STARFSFÓLKID?

Viðurkenningin gefur okkur byr undir báða vængi og hvetur okkur að halda áfram að gera vel og þjónusta okkar viðskiptavini. Svo höfum við fengið gríðarlega góða auglýsingu fyrir þessa viðurkenningu.



01 Guðjón Helgason, svili Árna  
Herdís Karlsdóttir

02 Árni Arnarson

03 Örn Arnarson

04 Karl Stefánsson, faðir Herdísar

05 Herdís Karlsdóttir  
Árni Arnarson  
Örn Arnarson



# JAFNRÉTTISSÁTTMÁLI UN WOMEN

INGA DÓRA PÉTURSDÓTTIR FRAMKVÆMDASTÝRA UN WOMEN

Ellefu íslensk fyrirtæki hafa skrifað undir Jafnréttissáttmála UN Women og UN Global Compact. Með því skuldbinda stjórnendur þeirra sig til að hafa sjö viðmið um valdeflingu kvenna (Women's Empowerment Principles) að leiðarljósi í stefnu og starfi fyrirtækjanna. Viðmiðin sjö eru víðtæk og ná allt frá stefnumótun til hagkvæmra lausna í starfi. Lögð er áhersla á að viðmiðin séu praktísk verkfæri fyrir fyrirtæki til að hámarka árangur sinn.

UN Women er eina stofnun Sameinuðu þjóðanna sem vinnur að jafnrétti og valdeflingu kvenna. Á fyrsta starfsári stofnunarinnar hefur mikil áhersla verið lögð á að styrkja konur efnahagslega og auka atvinnu- möguleika, enda forsenda þess að draga úr fátækt í heiminum að allir einstaklingar geti lagt sitt af mörkum til verðmætasköpunar.

32

Einhverjir kunna að velta fyrir sér hvers vegna íslensk fyrirtæki ættu að skrifa undir sama sáttmála og fyrirtæki t.d í Egyptalandi eða Bólívíu, þar sem staða og réttindi kvenna standa því langt að baki sem gerist á Íslandi. Því er ekki að neita að margir sigrar hafa unnist í jafnréttismálum hér á landi. Af Norðurlöndunum er hlutfall kvenna í háskólanámi hæst á Íslandi og er reyndar hærra en hlutfall karla. Atvinnuþátttaka kvenna á Íslandi er líka hæst í Evrópu og konur sinna mörgum háttsettum opinberum embættum. Á Íslandi eru lög sem banna mismunun vegna kyns. Það er margt hér á landi sem við sem þjóð getum svo sannarlega verið stolt af.

Þó er ljóst að víða er pottur brotinn hvað varðar jafnrétti kynjanna í atvinnulífinu. Því miður sýna nýjar kannanir að enn er óútskýrður launamunur kynjanna innan allra stétta og er jafnvel að aukast. Það er einnig áhyggjuefni að þrátt fyrir hátt menntunarstig og atvinnu- þátttöku kvenna hamlar hið ósýnilega glerþak konum enn gegn því að konur gegni stjórnunarstöðum til jafns við karla. Í könnun frá 2011 voru aðeins 35% stjórnunarstarfa í fyrirtækjum skipuð konum. Mikið vantar upp á að jafnt hlutfall kynja sitji í stjórnnum fyrirtækja og sjóða en það er áhugavert að í þeim fyrirtækjum þar sem aðeins voru karlmenn í stjórn 2011, voru innan við fimm prósent framkvæmdastjóra konur.

Það eru a.m.k þrjár ástæður fyrir því að fyrirtæki ættu að setja jafnréttis- mál í forgrunn stefnu sinnar. Í fyrsta lagi er lagaskylda að gefa öllum einstaklingum, óháð kyni, sömu tækifæri. Í öðru lagi er það siðferðilega rétt. Í þriðja og síðasta lagi benda rannsóknir til þess að það sé einfald- lega fjárhagslega hagkvæmt fyrir fyrirtæki að hafa sem fjölbreyttastan starfshóp og þar með talið að bæði kynin starfi í fyrirtækinu.

Meira um viðmiðin sjó á [www.unwomen.is](http://www.unwomen.is)







““

„Jafnréttismál eru hagsmunamál fyrir okkur því að með því að tryggja jafnrétti hjá Marel náum við frekar að laða að bestu strafskraftana hverju sinni. Stöðug nýsköpun er einn af hornsteinum Marel og það er ekki nóg að þekkingin sé til staðar í hópnum því ef skortir á fjölbreytileika hópsins er líklegt að afraksturinn verði fyrirsjáanlegur.“

Theo Hoen, framkvæmdastjóri Marel

““

„Kaffitár hefur lengst af verið kvennafyrirtæki og þurfum við að minna okkur á að jafna hlut kynjanna og vera meðvituð um jöfnuð milli starfsfólks. Jafnréttisáttmálinn hjálpar til og minnir á.“

Aðalheiður Héðinsdóttir, forstjóri Kaffitárs

““





„Í jafnréttismálunum höfum við kosið að láta verkin tala og t.d. jafnað hlutfall kynja í framkvæmdastjórn bankans og stjórnnum dótturfélaga. Það hefur gengið vel og ég tel að okkar stjórnir séu vel mannaðar. Það er einfaldlega mat okkar stjórnenda Landsbankans að jafnrétti á vinnustað hafi bein jákvæð áhrif á rekstur bankans og geri vinnustaðinn skemmtilegri og fyrirtækið öflugra.“

Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans

#### FYRIRTÆKI SEM HAFA SKRIFAÐ UNDIR JAFNRÉTTISÁTTMÁLANN Á ÍSLANDI:

Landsbankinn, Íslandsbanki, N1, Lyfja, VÍS, Deloitte, Marel, Alcan á Íslandi, Landsvirkjun og Kaffitár.

# KROSSGÁTA

|   | KENUR            | FLYTI                   | GLENNIR UPP      | ANDTUGUR V JARÐA          | HENA AÐ                   | BOK-STAFUR              | MENN   | OTA FRAM HUGAR-BURÐUR     |                    |
|---|------------------|-------------------------|------------------|---------------------------|---------------------------|-------------------------|--|---------------------------|--------------------|
|    |                  |                         |                  |                           |                           | 25                      |  |                           |                    |
| OHENT-UGT   |                  | 1                       |                  |                           |                           |                         |  |                           |                    |
| ÁKÆRD-UR  |                  |                         |                  |                           |                           |                         |  | 13                        |                    |
| TÝNT  |                  | 17                      |                  |                           |                           | SKÓLI KRÖPP-AR          |  |                           |                    |
|   | SVÍNA ÚT VEISLA  | ÁRSTÍÐ KÖN-UNGAR        | SNÁK-UM          |                           | FUCL-INN AÐ-HEFST         | 3                       |  |                           |                    |
| ISLUS-<br>AHYGGET-<br>URNAR   |                  |                         |                  |                           | 14                        |                         | RAN-<br>FUCLIS<br>TVEIR                        | 5                         |                    |
| BORÐAR  | 6                |                         |                  | PIRRAR<br>VÆT-<br>UNNAR   |                           |                         |  | HYTTA-<br>LAND<br>STARFIÐ |                    |
| BEISK-<br>AR  |                  | 32                      |                  |                           | SKRIF-<br>AR              |                         | 19   |                           |                    |
| BANDIÐ  | →                |                         |                  |                           |                           | 35                      | KEYRA<br>HUG-<br>AÐIR                          | 8                         |                    |
| BRJÓST  | 27               |                         |                  |                           | FÖLLUR<br>BEINIÐ          |                         |  |                           |                    |
| HLAUP   |                  |                         |                  | STEND-<br>LIR<br>GEGN     | 26                        | SKJÓL<br>GRÉN-<br>METI  | 18   | 51                        | ASK-<br>ARNIR      |
| SLITA<br>ÚT   |                  |                         | 11               |                           |                           |                         | LENGDAR<br>EIMING<br>FRAM-<br>LEIÐSLU-<br>VARA |                           |                    |
|  |                  | VANN<br>ÚR ULL<br>AMBOD |                  | STREMAN<br>HREINS-<br>IR  |                           |                         |  | 20                        |                    |
| VONT<br>+<br>HELSI  |                  |                         |                  | 24                        |                           |                         | DANSKT<br>SMÁDR<br>SVEIM-<br>AR                | 15                        |                    |
| ORR-<br>USTA  | →                | 30                      |                  |                           | ÖNGLAR<br>SAMAN<br>MIKLA  |                         |  |                           |                    |
| ALMAR   |                  |                         |                  |                           | 16                        | ÖBAGDI                  | ÖFN<br>KVELUR                                  |                           |                    |
| FÉLAG   |                  |                         | SKRÁÐAN<br>DVÍNA |                           |                           |                         | 9  | HROKA<br>+<br>ÁFLOÐ       | 28                 |
|  |                  | ÁURINN<br>+<br>HEST     | BLÓM<br>SLÁ      |                           |                           | 21                      | BRAX<br>STÖÐ                                   |                           |                    |
| VERK-<br>FÆRI   |                  |                         |                  | VOTAR<br>SKÁN             |                           |                         | 31   |                           | ÚTATA<br>+<br>SEFA |
| FÆÐI<br>+<br>SVIF-<br>DYR   | →                | 2                       |                  |                           |                           | HYTUG<br>AUG-<br>HAR    |  | TVEIR<br>EINS<br>MAUK     |                    |
| STARFS-<br>GREIN  | 22               |                         | MAKA             |                           | SK. ST.<br>HERMA<br>EFFIR | 10                      | ELD-<br>STÆÐI<br>FISKIR                        |                           |                    |
| GATA Í<br>REYKJA-<br>VÍK  |                  |                         |                  | 7                         |                           |                         |  |                           | 29                 |
| FRUM-<br>EFNI   |                  |                         | HÁTIÐ            | VIÐUR-<br>NEFNI<br>VERKUR |                           | KIRNA<br>REGNS          |  | 12                        |                    |
|  | BÚA AÐ<br>2 EINS |                         |                  |                           | 23                        | YFIR<br>HAFASIR<br>HVAÐ |  |                           |                    |
| BULLA   |                  |                         | 33               | HEY-<br>MEISS             |                           | 34                      |  |                           |                    |
| HNÖTT-<br>UR +<br>VIRÐA   |                  |                         |                  |                           |                           |                         | 4  |                           |                    |



## VERÐLAUN FYRIR RÉTTA LAUSN KR. 15.000

Lausnin á síðustu krossgátu er málsátturinn:

**„Ástin hefur augu í hnakkanum“**

Vinningshafni krossgátunnar úr síðasta blaði er Eskifirðingurinn Sigtryggur Hreggviðsson. Sigtryggur hefur lengst af starfað við verslunarstörf á Eskifirði, fyrst hjá Kaupfélaginu Björk og síðar Pöntunarfélagi Eskifirðinga. Eiginkona Sigtryggs er Hulda Rósmundardóttir og saman eiga þau hjónin 3 börn, 6 barnabörn og 5 barnabarnabörn. Hjónin eru virkir félagar í Félagi eldri borgara á Eskifirði.

Lausninn í krossgátunni hér til hliðar er málsáttur.

Skilafrestur er til 1. júlí 2012.

Utanáskriftin er:

**VR-blaðið**

**Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7**

**103 Reykjavík.** Einnig er hægt að senda lausnina á **krossgata@vr.is**

Vinsamlegast látið kennitölu fylgja og skrifðu „krossgáta“ utan á umslagið.

# HIN HLIÐIN Á VARAFORMANNI OG RITARA



## EYRÚN INGADÓTTIR VARAFORMAÐUR

**STJÖRNUMERKI?** Vog.

**EF ÞÚ GÆTIR BREYTT EINHVERJU EINU ATRIÐI HJÁ SJÁLFRI ÞÉR, HVERJU MYNDIRÐU BREYTA?** Ég vildi geta sungið betur, kveðið rímur eins og Steindór Andersen.

**UPPÁHALDSSÖGUHETJAN ÞÍN?** Þessa stundina er það Þórdís Simonardóttir ljósmóðir á Eyrarbakka. Hún er aðalsöguhetja sögunnar „Ljósan á Bakkanum“ sem ég er að leggja lokahönd á og verður gefin út fyrir jólavertíðina. Mikil baráttukona í byrjun 20. aldar sem er flestum gleymd.

**HVAÐ ERGIR ÞIG?** Þegar fólk reynir að komast undan því að greiða til samfélagsins og lætur okkur hinum það eftir.

**HVAÐA EIGINLEIKA METUR ÞÚ MEST HJÁ VINUM ÞÍNUM?** Mér finnst alltaf kostur að þeir séu skemmtilegir, ævintýragjarnir og kunni að segja sögur.

**HVAÐA HÆFILEIKA VILDIRÐU HELST HAFA?** Ég vildi gjarnan geta blístrað, þetta hefur háð mér alla tíð og verið aðhlátursefni systkina minna.

**HVAÐ KEMUR ÞÉR TIL AÐ HLÆJA?** Árni Björn Valdimarsson ástmaður minn sér um það með ýmsum hætti.

**BESTA RÁÐ SEM ÞÉR HEFUR VERIÐ GERIÐ?** Það er partur úr ljóði eftir Davíð Stefánsson og hljómar svo: *Ýmsir vilja / yfir þér drottna / og aftra þér máls. / Binda festar / um fætur þína / og fjötur um háls. / Öðrum til bjargar / átt þú að vera / andlega frjáls.*

**EF ÞÚ ÆTTIR ÓSKASTUND HVERNIG MYNDIR ÞÚ EYÐA HENNI?** Þriggja mánaða ferðalag um heiminn væri draumur.

## SIGURÐUR SIGFÚSSON RITARI

**STJÖRNUMERKI?** Naut.

**EF ÞÚ GÆTIR BREYTT EINHVERJU EINU ATRIÐI HJÁ SJÁLFUM ÞÉR, HVERJU MYNDIRÐU BREYTA?** Ég vildi geta hætt að hafa stöðugar áhyggjur af að vera sköllóttur.

**UPPÁHALDSSÖGUHETJAN ÞÍN?** Bjartur í Sumarhúsum.

**HVAÐ ERGIR ÞIG?** Að hitta ekki.

**HVAÐA EIGINLEIKA METUR ÞÚ MEST HJÁ VINUM ÞÍNUM?** Traust.

**HVAÐA HÆFILEIKA VILDIRÐU HELST HAFA?** Að geta svarað svona spurningum af snilld.

**HVAÐ KEMUR ÞÉR TIL AÐ HLÆJA?** Það sem mér dettur í hug þegar ég svara svona spurningum.

**BESTA RÁÐ SEM ÞÉR HEFUR VERIÐ GERIÐ?** Að gerast Framsóknarmaður (Þegar ég var 10 ára).

**EF ÞÚ ÆTTIR ÓSKASTUND HVERNIG MYNDIR ÞÚ EYÐA HENNI?** Ekki prenthæft.



# Merkið sem allir vilja vinna fyrir

## Fyrirmyndarfyrirtæki ársins 2012

**Þúsundir starfsmanna** tóku þátt í stærstu vinnumarkaðskönnun landsins og hlutu alls 30 fyrirtæki nafnbótina **Fyrirmyndarfyrirtæki ársins 2012**.

Fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum mældust afar vel og óskum við þeim innilega til hamingju. Kynntu þér niðurstöðurnar í heild á [www.vr.is](http://www.vr.is).

### Stór fyrirtæki

1. Johan Rönnung
2. Securitas
3. Íslenska gámafélagið
4. Nova
5. 1912
6. Logos
7. Mannvit
8. ISS Ísland
9. Öryggismiðstöð Íslands
10. Vistor

### Meðalstór fyrirtæki

1. Bernhard
2. Íslensk getspá
3. Kjarnavörur
4. Ferðapjónusta bænda
5. Gogogic
6. Fálkinn
7. Árnason Faktor
8. Veritas Capital
9. Trackwell
10. Margt smátt

### Lítill fyrirtæki

1. Sæmark
2. Vinnuföt
3. Skattur og bókhald
4. Verslunartækni
5. Spölur
6. Sigurborg
7. Birtingahúsið
8. Gróco
9. Microsoft Íslandi
10. Katla DMI